

## BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2011 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

*Austurás.* Úr landi Austurkots, Sveitarfélaginu Árborg.  
*Beindalsholt.* Úr landi Bjálmholts, Rangárþingi ytra.  
*Bíldsfell III.* Úr landi Bíldfells, Grímsnes- og Grafningshreppi.  
*Brekkuhús.* Úr landi Hróarsholts II, Flóahreppi.  
*Grásteinholt.* Úr landi Lýtingsstaða, Rangárþingi ytra.  
*Hagi.* Jörðin Hagi, Vopnafjarðarhreppi.  
*Hrafnagil.* Úr landi Hlíðartungu í Ölfusi, Sveitarfélaginu Ölfusi.  
*Hraunhóll.* Úr landi Minni-Valla, Rangárþingi ytra.  
*Kvoslækur II.* Úr landi Kvoslækjar, Rangárþingi eystra.  
*Lindarbotnar.* Úr landi Botna, Skaftárhreppi.  
*Markalækur.* Úr landi Syðri-Brúar, Grímsnes- og Grafningshreppi.  
*Sandar.* Úr landi Litla-Klofa, Rangárþingi ytra.  
*Seljavellir III.* Úr landi Seljavalla, Sveitarfélaginu Hornafirði.  
*Skák.* Úr landi Byggðarhorns, Sveitarfélaginu Árborg.  
*Skógar III.* Úr landi Skóga II, Vopnafjarðarhreppi.  
*Sælukot.* Úr landi Haga, Rangárþingi ytra.

Árið 2011 fjallaði örnefnanefnd ennfremur um og féllst á beiðni um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

*Bíldsfell II.* Áður Bíldsfell, Grímsnes- og Grafningshreppi.  
*Syðra-Laugaland efra.* Áður Syðra-Laugaland, Eyjafjarðarsveit.

*Örnefnanefnd, 30. desember 2011.*

**Þórunn Sigurðardóttir.**